

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða, svæði D.*
Í breytingunni felst að liðir 14 og 16 í deiliskipulagsskilmálum falla út og í stað þeirra kom liðir 21, 22 og 23 sem fela í sér að heimilt er að reisa allt að 250 m² aðalhús og tvö allt að 40 m² aukahús en hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2011.
2. *Breyting á skilmálum frístundabyggðar við Árveg 1-12 úr landi Kringlu II.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 500 m² frístundahús á hverri lóð og tvö allt að 40 m² aukahús. Þá er einnig gert ráð fyrir að leyfileg mænishæð frá jörðu verði 6 m og þakhalli á bilinu 0-45 gráður.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. maí 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. október 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.